



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarfélaga

Reykjavík 28. febrúar 2019

1810042SA AGB

Málalykill: 14.11

Efni: Íbúasamráðsverkefni

Ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti í lok síðasta árs að verða við umleitun Sambands íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarkaupstaðar um 5 millj.kr. styrk til að fara í Íbúasamráðsverkefni með þáttöku nokkurra sveitarfélaga. Verkefnið snýst um að aðstoða þáttökusveitarfélögum við að beita þeim samráðsaðferðum sem kynntar eru í handbók sambandsins frá 2017: „Íbúasamráð í sveitarfélögum og þátttaka íbúa“. Sveitarfélögum munu fá stuðning til að undirbúa og framkvæma samráð í raunverulegum aðstæðum innan síns sveitarfélags. Hugmyndin er sú að byggja þannig upp þekkingu og afla reynslu sem nýst getur örðrum sveitarfélögum í framhaldinu.

Öll sveitarfélög hafa tækifæri til að sækja um þáttöku verkefninu. Samráðshópur verkefnisins mun sjá um að velja þáttökusveitarfélög á grundvelli umsókna þeirra. Leitast verður við að velja sveitarfélög með tilliti til þess að þau séu fjölbreytt að stærð og gerð, en einnig með tilliti til forsendna þeirra til að framkvæma verkefnið og hugmynda um samráðsefni. Gert er ráð fyrir að velja þrjú sveitarfélög til þáttöku til viðbótar við Akureyrarkaupstað, sem átti frumkvæði að verkefninu.

Umsókn þarf að styðjast við samþykkt sveitarstjórnar og fela í sér skuldbindingu um að sveitarfélagið sé tilbúið til að verja fjármagni og mannafla í verkefnið. Áskilið er að þáttökusveitarfélögum tilnefni two fulltrúa, annars vegar kjörinn fulltrúa og hins vegar starfsmann til að taka þátt í þremur sameiginlegum fundum og vinnustofum á tímabilinu ágúst 2019 til febrúar 2020. Gert er ráð fyrir að þeir leiði samráðsferlið innan síns sveitarfélags og stýri vinnuhópi, sem sveitarfélögum þurfa að setja á laggirnar til að sjá um undirbúning innan sveitarfélagsins, framkvæmd samráðs og eftirfylgni. Loks er áskilið að sveitarfélögum séu tilbún til að miðla reynslunni af verkefninu til annarra sveitarfélaga.

Styrkur jöfnunarsjóðs verður fyrst og fremst notaður til að standa straum af kostnaði vegna ráðgjafa sem munu aðstoða þáttökusveitarfélögum og sameiginlegum fræðslufundum og vinnustofum. Hugsanlega verður unnt að greiða eftir á einhvern hluta af ferðakostnaði sveitarfélaganna vegna þáttöku í þremur sameiginlegum fundum. Annan kostnað þurfa sveitarfélögum að bera sjálf, en hann felst fyrst og fremst í vinnu starfsmanna og kjörinna fulltrúa og í framkvæmd samráðsviðburðar í sveitarfélagini.

Nánari upplýsingar er að finna í meðfylgjandi verkefnislýsingu og einnig er sveitarfélög hvött til að kynna sér vel handbók sambandsins¹ til að gera sér betur grein fyrir eðli verkefnisins og þeirri vinnu sem myndi fylgja þátttöku. Kynningarfundur fyrir áhugasöm sveitarfélög verður haldinn 13. mars nk. kl. 11 í húskynnum sambandsins að Borgartúni 30. Unnt verður að taka þátt í fundinum í gegnum netið. Vinsamlegast tilkynnið þátttöku til anna@samband.is ekki seinna en 11 mars nk.

Umsóknareyðublað fylgir. Umsóknarfrestur er til 30. apríl nk.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Anna G. Björnsdóttir

Anna G. Björnsdóttir
sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs

¹ <https://www.samband.is/verkefnin/lydraedis--og-mannrettindamal/handbok-um-ibusamrad-og-thatttoku-ibua/>